

- 10
22. jan. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglu-
mál.

50. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1942.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

- 11
26. jan. Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Stígur“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. janúar 1942.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Stígur.

1. gr.

Sjóðurinn Stígur er stofnaður með 400 kr., sem leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar.

2. gr.

Vextir af sjóðnum leggjast jafnan allir við höfuðstólinn, en fyrsta ár hverrar aldar, fyrsta sinn árið 2001, má flytja helming þess, sem höfuðstóllinn, fyrir viðlagða vexti, hefur vaxið um á hinni næstliðnu öld, með vöxtum frá nýári, til skuldlausra sveitarfélaga, hreppa eða kaupstaða, samkvæmt því er síðar segir.

3. gr.

Upphæð sú, er flytja má fyrsta ár hverrar aldar, samkvæmt 2. gr., skiptist, í fyrsta sinn sem skipt er, milli sveitarfélaganna í Austur- og Vestur-Húnavatns-sýslu, en í annað sinn sem skipt er, skiptist það, er flytja má, milli sveitarfélaganna í Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum ásamt Siglufirði og Akureyri. Við hver aldamót eftir það skiptist upphæð sú, er flytja má, milli allra sveitarfélaga á Íslandi. Þó skal aldrei neitt sveitarfélag, sem er í skuld, koma til greina við skiptinguna.

4. gr.

Upphæð þeirri, sem eftir hver aldamót má flytja til sveitarfélaga, skiptir stjórnarráð Íslands, ef það vill taka það að sér, milli þeirra, tiltölulega eftir mannfjölda í hverju sveitarfélagi, er í það sinn kemur til greina við skiptinguna, samkvæmt 3. gr. Stjórnarráðið gefur svo, áður en ár er liðið frá aldamótum, stjórn Söfnunarsjóðsins skýrslu um, hversu mikið kemur í hlut hvers sveitarfélags.

5. gr.

Upphæð sú, er hverju sveitarfélagi hlotnast, samkvæmt 4. gr., flyzt með vöxtum frá aldamótunum yfir á nafn þess sem vaxtaeiganda í aðaldeild Söfnunarsjóðsins með þeim skilmálum, að helmingur vaxtanna af þeirri upphæð og því, er við hana bætist, leggist árlega við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna falli árlega til útborgunar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

6. gr.

11

Nú leiðir stjórnarráð Íslands í byrjun einhverrar aldar hjá sér störf þau, sem því eru ætluð í skipulagsskrá þessari, og ávaxtast sjóðurinn Stígur þá óhreyfður áfram í Söfnunarsjóðnum til næstu aldamóta. 26. jan.

Reykjavík, 2. febrúar 1920.

Eiríkur Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. janúar 1942. 12 28. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 100 krónum, og skulu tekjur vera:

- a. Vextir af stofnfé.
- b. Minningargjafir.
- c. Áheit.
- d. Dánargjafir.
- e. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

3. gr.

Veita má styrk úr sjóðnum þegar Ásólfskálakirkja verður endurbyggð, og má þá aðeins veita 1/10 hluta þess fjár, sem sjóðurinn hefur öðlzt af óbeinum tekjum, þ. e. gjöfum og áheitum. Tiunda hlutann skal leggja við stofn sjóðsins, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af stofnfé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta og prýða kirkjur í Holtsprestakalli.

5. gr.

Styrk úr sjóði þessum má veita kirkjum Holtsprestakalls, sem eru Ásólfskálakirkja, Eyvindarhólakirkja og Stóradalskirkja. Skulu allar kirkjurnar eiga rétt til að njóta 1/10 hluta hinna óbundnu tekna, þegar Ásólfskálakirkja hefur verið endurbyggð, og er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða hvernig og hvenær því fé verður skipt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa formenn sóknarnefnda Holtsprestakalls.

7. gr.

Um ávöxtun sjóðsins gilda sömu reglur og um ómyndugra fé.